

Fundargerð 82. stjórnarfundar

Vatns- og fráveitufélags Íslands, VAFRÍ

Haldinn: rafrænt á Teams

Tími: 28.11.2023 15:00

Viðstaddir: Hlöðver Stefán Þorgeirsson (HSP), Sigrún Tómasdóttir (ST), Sigurður Grétar Sigmarsson (SGS)

Fjarstaddur: Baldur Dýrfjörð (BD), Hrund Ó. Andradóttir (HÓA),

Dagskrá:

1. Skipulag desemberfundar

HSP hefur ekki fengið frekari svör frá Halldóri og Önnu varðandi kynningu frá þeim. Mun spyrja fólk betur á loftslagsmálþingi á morgun. Rætt um hvort áhugavert væri að fá kynningu frá Verkís um val á áhættuviðmiði og tengingu við hönnunarverkefni. Hvaða upplýsingar vantar hönnuði? SGS hugsar þetta og ræðir innanhúss. ST prófar að senda póst á Tinnu Þórarinsdóttur varðandi kynningu á þeirra skýrslu frá 2022. Stjórnarmeðlimir heyrast í tölvupóst með svör og frekari skipulagningu.

Vinnutitill:

Áskoranir í hönnun ofanvatnskerfa með tilliti til loftslagabreytinga og flóðaáhættuviðmiða

Tímasetning: á tímabilinu 13.-20.des, morgunfundur 08:45-10:00.

Staðsetning: Verkís. Boðið uppá morgunhressingu (ávextir, bakkelsi, samlokur, piparkökur, mandarínur, kaffi) .

Dagskrá:

- Hugvekja um áskoranir hönnuða varðandi hönnun ofanvatnskerfa (Verkís) 15 mín
- Áhættuviðmið fyrir vatnsflóð (VÍ) 15 mín
- Nýjustu niðurstöður um mat á áhrifum loftslagsbreytinga á aftakaúrkomu (VÍ) 15 mín
- Umræður

Til þess að hönnuður geti tekið ákvörðun varðandi hönnun ofanvatnskerfa þarf bæði að ákveða hvaða loftslagsforsendur ætti að nota og svo hvaða áhættuviðmið ætti að notast við.

2. Önnur mál

Engin.

Fundi var slitið klukkan 15:40. Fundarritari: Sigrún Tómasdóttir, sigrunto@or.is